



Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 14. maí 2024

Fni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til 2030

Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra; Samtök iðnaðarins (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 30. apríl.

Að mati samtakanna er jákvætt að sett verði stefna í neytendamálum þar sem m.a. er lögð áhersla á fjármálalæsi, stafvæðingu og einkaréttarlega úrskurðaraðila utan dómstóla. Stefnan mun án efa stuðla að eflingu trausts í viðskiptum. Samtökin taka undir þau markmið sem birtast í kafla 4.1. og telja jafnframt jákvætt að sjá fjölda aðgerða í stefnunni þar sem gert er ráð fyrir samstarfi við atvinnulífið. Samtökin vilja þó koma á framfæri athugasemdum við 6. lið aðgerðaráætlunarinnar er kveður á um aukna neytendavernd við fasteignakaup. Samtökin leggja áherslu á aðkomu atvinnulífsins að endurskoðun og úrbótum sem stuðla að aukinni neytendavernd og réttaröryggi á sviði fasteignakaupa. Húsnæði er grunnþörf samfélagsins og tryggja þarf að öryggi sé í fyrirrúmi enda er um að ræða eina af verðmætustu fjárfestingu einstaklings óháð aldri og jafnframt forsenda fyrir velferð einstaklinga jafnt sem fjölskyldna. Að mati samtakanna er nauðsynlegt að atvinnulífið hafi aðkomu að umræddri endurskoðun.

Þá fagna samtökin fyrirhuguðum aðgerðum í 9. lið áætlunarinnar þar sem stjórnvöld leggja áherslu á og lýsa yfir stuðningi við rannsóknir, upplýsingagjöf og fræðslu til að auka neytendavitund. Samtökin vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess að rannsóknir séu unnar í samráði við atvinnulífið. Í þessu samhengi vilja samtökin benda sérstaklega á mikilvægi þess að metnaðarfull eftirfylgni verði með nýjum vegvísi um mótun rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar sem gefinn var út 12. mars sl.

Húsnæðisöryggi er grunnþörf og ein helsta fjárfesting allra neytenda liggur í húsnæði. Öflugar og samfelldar mannvirkjarannsóknir eru því ekki bara mikilvægar fyrir mannvirkjageirann heldur samfélagið allt. Þær eru forsenda þess að hægt sé að byggja betri byggingar hér á landi og mæta þeim fjölmörgu samfélagslegu áskorunum sem tengjast mannvirkjagerð. Þannig leiða rannsóknir og nýsköpunarstarfsemi í ljós nýjar lausnir og upplýsingar, sem stuðla meðal annars að aukinni þekkingu, faglegri vinnubrögðum, vistvænni mannvirkjum, byggingum með lengri líftíma auk lægri byggingar- og viðhaldskostnaðar. Við útgáfu vegvísisins var verkefnastjórn hans mynduð af fulltrúum IRN, HVIN, MVF, HMS og SI til að tryggja framkvæmd aðgerðanna en mikilvægt er að honum sé haldið á lofti þar sem kostur er.

Að lokum árétt samtökin að kallað verði eftir frekari samvinnu við SA og aðildarsamtök við útfærslu einstakra aðgerða eftir því sem við á en samtökin eru nú sem endranær fús til samtals og samstarfs með ráðuneytinu. Loks taka samtökin undir athugasemdir í umsögn SVP-Samtaka verslunar og þjónustu.



Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir

**Heiðrún Björk Gísladóttir
lögmaður**

f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir

**Lilja Björk Guðmundsdóttir,
Yfirlögfræðingur**